

Effie.

Eftir Annie Frost.

Hann var vel áhæður þegar hann horfði á sofandi barnið í faðmi sínum. Hann las á kyrtla andlitinu merki eftir líkamlegar þjáningar, sárar hugsanir og of snemma vakta sorg. En hann las jafnframt loforð um óvanalega góðar gáfur og viðmótsblíðu.

Það var nýtt fyrir Effie að vera vakinn með alúðlegum kossi, og gláða brosið, sem aðskildi varinnar, um leið og hún opnaði augun, var líka alveg nýtt fyrir hana.

"Dagverðurinn er tilbúinn Effie. Vaknaðu nú og reyndu að neyta matar."

"Með þessu áægju. Matarlyst mín mun gera þig skelkaðan og koma þér til að lörast þess, að þú hefir tekið mig til þín," svaraði hún hlæjandi.

Þessi nýja áægju tilfinning kom hjarta Effie til að hoppa á gleði, og gleðin varð að finna útrétti í spaugsyrdum, jafnframt og fagra roðinn, sem breiddist yfir fyrverandi fölu kinnarnar, gaf í skyn, að alúðlegt viðmót getur breytt andliti annara eins og með tótrallist.

"Frú Lawrence, þetta er frænka mín. Effie, þú kemst að því að frú Lawrence er drotning á þessu heimili, sem ræður yfir öllum innanhúss verkum, og að þú barnið mitt, verður að vera henni undirgefin eins og prinsessa."

Hún var lítil, gömul kona, laglega vaxin og gláðleg, þessi frú Lawrence, og hún bað Effie innleiða velkomna, og settist svo beint á móti hr. Marshall.

Nú varð augnabliks þögn, og svo bað Marshall guð, með háttlegum róm, upplýftum höndum og horfandi til jarðar, að leggja blessun sína yfir matarneyzluna. Þær bænir, sem Effie hafði flutt um sína æfi í einverunni, voru hennar eigin hugsanir og orð, en nú lék um varir hennar ofurlítið áhægjulegt bros, um leið og hún laut niður, sem sýndi að þessi, henni alveg óvanalegi síður, féll henni vel í geð.

Um stund var lítið talað meðan neytt var matar, en þegar eftirmaturninn kom, byrjaði Marshall samtalið.

"Nú, frú Lawrence, verðum við að gróður-setja rósi á kinnum Effies og reyna að gera þér eins bunguvaxnar og mögulegt er, svo hún verði eins sælleg og akurhæna."

"Eg býst við að þér veiti það erfitt, frændi. Eg hefi neytt þorskalýsis, járnus og kína-börks."

"Sveit! Hættu! Engin furða að þú ert fól. Hefir þú reynt að fara á fætur kl. 5, og ríða yfir skógarlaust og slétt svæði á góðum hesti, eða að ganga langa skemtingu, koma svo heim og neyta morgunverðar, sem er hæfilegur fyrir mjaltastúku?"

"Nei, aldrei. Eg reid einn vetur á reiðlistarskólanum, en eg þóldi ekki jafn mikla hreyfingu."

"Eg skal vera lækur þinn. Þú lítur út eins og þú hafir eytt mestum hluta æfi þinnar í mollulegu skólaherbergi."

"Nú skjálta þér. Eg hefi aldrei stundað nám í skóla."

"Þá hefir þú haft kennara heima?"

"Engann, nema hujóðfærakennaran minn."

"Þú ætlar þó ekki að telja mér trú um, að þú hafir náð fimtán ára aldri án nokkurs náms?"

"Eg veit sára lítið."

"Þá verð eg að vera kennari þinn og lækur, því eg vil ekki senda sólargeislann minn burt, til að ganga í skóla, hve mikið sem henni mislíkar búa hjá slíkum varúlf og mér."

Glaði barnslegi hláturinn, sem þessi orð vöktu, heyrðist aldrei í barnastofnu heima.

"Charles frændi," sagði hún, þegar hláturinn lenti, "eg fer að verða hrædd um að — að —"

"Hvað þá?"

"Þegar þú kynnist mér betur, og sérð hve fávís og singjörn eg er, og hverja fyrirhöfn eg geri þér með veikni minni að þá getir þú naumast elskað mig eins og —"

"Eins og?"

"Eins og eg vildi að þú gerðir."

Loks gat hún talað orðin, og með blóðraugar kinnar, leit hún niður á diskinn sinn.

"Fávís og singjörn, að eins til fyrirhafnar, það er hræðilegt," sagði Marshall alvarlegur. "Hvaða kosti áttu á móti þessu?"

"Að eins," sagði Effie lágt, "innilega ósk til að gera það sem er rétt, og ef þú leyfir það, alúðlega ást á kærum frænda."

"Eg er þér samþykkur. Þú ert búin að snæða; komdu til mín."

Hútt stóð við hljóð hans á sama augnabliki. "Nú, nú, Effie," sagði hann alúðlega og þrýsti henni að sér. "Við skulum byrja samveru okkar með því að skilja hvert annað. Velzt þú að til mín í einverunni, hefir þú fórn að svo mikilvæðri gjöf, að hana er ekki mögulegt að meta til fulls, og sem virtist ófánleg fyrir mig; elskandi hjarta. Þú hefir verið veik og hjóð, það sé eg á andliti þínu, einmana-

legt og yfirgefið barn. En sem endurgjald, vil eg með guða vilja og hjálp, reyna að gefa þér heilbrigði og ánægju. Eg vil að eins það, sem þú hefir boðið mér af frjálsum vilja."

Nú grét hún þeim innlegustu tárum, sem hún hafði nokkru sinni grátið, er féllu niður á hina vingjarnlegu hendi sem hélt í hennar, þegar hún leit örugg, vongóð og ástúðleg á hann.

Nýja lífið byrjaði daginn eftir. Eftir fárra stunda rannsókn komst Marshall að því, að hún var ekki eins fávís og hún hafði sagt, heldur var hún langt á undan flestum ungum stúlkum í þekkingu. Frönsku og þýzku var bætt við hinar námsgreinar undir eins, og seinna átti að bæta við fleiri málum. Marshall aðferð við kensluna, var bæði skemtileg og hagkvæm, en Effie varð að beita öllum sínum andlegu hæfileikum, til þess að geta fylgst með. Þegar ætluunarverki dagsins var lokið, talaði hann við hana á einhverju þessara mála. Ef hún skildi hann, svaraði hún — allir gallar voru lagðir um leið, ef hún skildi hann ekki, þýddi hann setninguna og endur tók hana.

Til mikillar undrunar fyrir frú Lawrence, gat Effie á skemmri tíma en þrem mánuðum talað bæði málin hindrunarlaust, og að ári línu var spónsku og ítölsku bætt við námsgreinararnar.

Að Marshall, sem lifði svo kyrtla lífi, reði við fjögur tungumál áleit frú Lawrence alveg eðlilegt, en að Effie gæti náð slíkri þekkingu á jafn stuttum tíma, það hlaut að vera kraftaverk. "Þú kennir henni grísku og hebresku næst," sagði hún einn daginn hlæjandi.

"Nei, nei, frú Lawrence. Latnu lærir hún auðvitað, þó þú viljir ekki heyrja okkur bjóla um grænar baunir og lambasteik á því tungumáli, en ekki fleir dauð mál fyrir kvenmann."

Hún nam hljóðfærslátt af prófessor, sem kom frá G., tvisvar á viku.

En ásamt öllu þessu vanrækti hann ekki, að gefa nákvæmar gætur að hinni líkamlegu velferð hennar. Að gróðursetja rósi á kinnum hennar og gera hana holdugari, var hans mesta áhætla og stæðilegt.

Þægur og vel tanninn reiðhestur var keyptur handa henni, til þess að hann gæti haft hana til að fylgja sér á hinni daglegu skemtingu sinni, og hún lærði strax að stýra honum og sitja á honum svo vel fór. Löngr skemtingunarnar fóru fram á ákveðnum tímum, og á kvöldin var oftast hljóðfærsláttur, handavinna eða samræður, en því varð altaf að hætta snemma, til þess að svefninn skyldi ekki banna þeim að rísa árla úr rekkju.

Það var sönn opinberun fyrir gamla manninn, þessi innstæða af ástrikri samhyð, sem hann fann í sínum eigin sorgþrungna huga. Þessi skyndilegi endir á marga ára einveru, sem hann hafði átt að búa við, skapaði nýjar tilfinningar og hrakti sorgir hans á brott, frá hinni núverandi gleði. Hann hafði hugsað sér að stunda nám og heimsekja fátæklingana, sem bjuggu í nágrenninu, og eyða fjármunum sínum meðal þeirra — það var alt, sem lífið gat heimað af honum, og utan við hinn mjóga stig skyldunnar hélt hann, að engin stefna væri til fyrir kappsemi hans, engin krafa til tilfinninga hans. En nú, þegar hann opnaði huga sinn til að geyma þar þetta barn, sem sína kærustu eign, fann hann alsnægtir af hlýjum kærleika, þolinmæði, umönnun og næstum því kvenlegri blíðu, og hann blessaði daglega það hugkvæmi, er kom honum til að skrifa bréfið, sem gaf honum þetta eftirlætisgóð sitt, um leið og það losaði hana við hið kalda, ástlausa heimili hennar.

6. KAPITULI.

"Charles frændi," sagði Effie, um leið og hún kom inn í bókastofuna um hjartan vetrardag, "mig furðar að þú skulir voga að leggja hendina á þenna bókahlaða, eða búast við að eg vilji vera skólasterpa í dag. Sér þú ekki, herra minn, að eg er klædd nýjum lífrauðum morgunkjól, og að eg hefi kamb í hárinu, nýjan flábeinskamb, keyptan í þeim tilgangi að auka tign mína?"

"Tign þína? Litla kisa mín talar um tign."

"Og hvers vegna ekki, herra? Eg get lotið og hneigt mig óaðfinnanlega, og eg get, verið hnakkakert við hljóð hvers sem skal."

"Nú, þæja, góða, þetta getur verið gott. En hverju hefir þessi dagur við að bæta hina ósegjanlega miklu tign?"

"Ó, þú gleymastir og kærulausasti allra frænda, að neyða mig til að segja 'hve gömul eg er orðinn. Manstu ekki herra að tuttugasti og fyrsti janúar hefir afar mikla þýðingu? Hann er ekkert minna en átjándi fæðingardagur frænku þinnar. Hún teygði úr sér hlæjandi."

"Átján ára gömul! Kondu hingað, barnið mitt, litla stúlkan mín, sem er orðin stór, og lofaðu mér að skoða þig. Svo þetta er fæðingardagur þinn, og það eru þrjú löng ár síðan þú komst hingað."

"Nei, Charles frændi, þrjú stutt og hamingjusöm ár. Orð geta ekki lýst því, hve hamingju-

samt eða hve fult hjarta mitt er af kærri þakklæti fyrir hvern dag og fyrir hverja stund þessara ára." Hún laut niður að stólnum hans og þrýsti vörum sínum að enni hans.

"Eg hefi reynt að gera heimili þitt hamingjusamt," sagði gamli maðurinn hugsandi. "En nú er sá dagur kominn, sem eg verð að segja stúlkunni minni, hvernig eg hefi hugsað fyrir framtíð hennar. Litla föla barnið, sem hvíldi í faðmi mínum, er horfið, og eg hefi stúlku í stað hennar í dag. Seztu Effie, og hlustaðu á mig."

Undrandi, viknuð og dálítið skelkuð, sökk blíðu alvörunnar í rödd hans, settist hún á fótaskeðil við fætur hans, og horfði framan í hann. Um leið og hún hallaði kinninni að armriðinu á stólnum hans, látaði sólarljósið bylgjotta hárd hennar, og myndaði yndisfagra blæju fyrir andlitið. Já, falllegt, því heilbrigðu og áhægjan höfðu gert hana holdugri, og hið guigráa höfund var orðið eðlilega hvítt, með rauðar rósi á kinnunum, og stóru augun höfðu mist dökku umgerðina. Litil var hún að sönnu, en vöxturinn svaraði sér vel, og mikla brúna hárið, sem skygði á bunguvöxnu kinnina, hefði hulið allan líkama hennar, ef það hefði fengið að hanga laust. Það var samt ekki vaxtarlag né andlitsdráttir sem gerði Effie Marshall svo aðlaðandi. Í gáfulegu augunum kærleiksrika brosinu, og í blíða tilfinningaríka litillætinu, sem lýsti sér á hinum breytilega svip, lá hið mesta yndi sem andlit hennar geymdi.

Þau sátu þöglu nokkrar mínútur. Gamli maðurinn leiddi fram, fyrir hugskotssjón sína hin löngu þrjú ár. Hann hugsaði til síns námfúsa nemanda, hinnar tryggu fylgdarmeyjar á skemtingu og skemtingarferðum sínum, og sagði við sjálfan sig, að öll sú fyrirhöfn, sem hann hefði varið til að gera hana gæfuríka, væri mörgum sinnum endurgoldin með þeirri huggun og skemtum, sem hún hefði veitt honum með komu sinni, hún, sólargeislinn á heimili hans.

Loks sagði hann: "Effie, eg hefi nú á síðustu tímum hugsað, að eg væri eigingjarn, og lít hælur fjáráðamaður, sem geymi minn dýrmætta fjársjóð á þenna hátt, og útiloka frá henni alla gleði og fegurð lífsins, sem hún á sínum unga aldri ætti að njóta. Nei, segðu ekkert enn þá. Leyfðu mér að segja meiningu mína. Eg veit að þér liður vel hérna, en þú hefir aldrei séð né reynt neitt annað líf. Þú ert áhægð eins og lítill fugl, sem aldrei hefir yfirgefið hreiður sitt, og er fús til að vera þar kyrr, og þó ætti fuglinn að reyna vængi sína, svo að hann, þegar hann hefir kynst frelsinu, geti viljið sér lífsstöðu."

"Eg veit að ást þín á mér er hrein og óeigingjörn, og þú mátt ekki ímynda þér að eg ætli þér að hafa nokkurn óheiðarlegan tilgang, en eg verð að segja þér, hvernig eg hefi hagað sumum peningaviðskiftum mínum."

"Fyrst er móðir þín. Eg hefi séð um að hún fái þær tekjur, sem eg hefi lofað, svo hún missir þær ekki þó eg dey. Blanche og Beatrice eru báðar vel giftar og þurfa enga hjálp frá mér, og Lára getur tekið þátt í styrk móður sinnar. Og nú með litilli til þín: Eg hefi falið á hendur áreiðanlegum manni peningaupphæð, sem eg get ekki hreyft aftur, hún er þín eign alla ævi þína — þín, að gera við hvað sem þú vilt. Gift eða ógift ræður þú eingöngu yfir henni. Ef þú vilt fara til móður þinnar, eða skifta á þessu heimili og öðru skemtilegra, þá ertu frjálst og getur fylgt þínum vilja."

Effie gat ekki svarað. Hún gat að eins hallað höfði sínu að hinu ástrika brjósti, og látið tárin renna hindrunarlaust.

"Orð mín hafa sært þig elsku Effie mín?"

"Þú vilt ekki senda mig í burt?" hvíslaði hún.

"Senda þig í burt! Aldrei! Lit þú á mig, litli heimskingi. Eg ætlaði að eins að koma þér í skilning um, að eftir þetta ert þú frjálst sem fuglinn. Að þú hefir frelsi til að fara eða vera hér og skaprauna mér allan þann tíma, sem eg á eftir að lifa. Það er rétt — brostu."

"Já, þá held eg," sagði Effie, sem nú var aftur að eins brosi, "að eg vilji búa út farangur minn á morgun, og fá mér stutta ferð til norð-urpólsins fyrst, svo ætla eg að skjólast til Konstantínopel og Indlands, og að síðustu setjast í helgan stein í Patagóníu eða Sahara eyðimörkinni."

"Já, góða mín, en sendu mér fáeinar línur við og við."

"Ó, já, þú mátt búast við bréfi annað hvort ár."

"En satt að segja, Effie, þá ert þú of ung fyrir þessa einmanalegu tilveru. Þú verður að kynnað mannlífni og skemtum þess, þó eg sé hræddur um að þú kunir ekki allar kurtlesisreglur. Menn munu álitla þig dálítið flón, þú hreinskilna góða sál."

"Alls ekki herra minn. Heldur þú að eg hafi búið saman við tær samkvæmisstúlkur til einkis?"

"Tvær samkvæmisstúlkur?"

"Áreiðanlega! Blanche og Beatrice höfðu ýmsar æfingar í barnastofnu. Eg þekki hina litillátu hneigingu, kuldalegu hneigingu, og hvernig maður á að beygja höfuðið þannig, að það sé eins tákni að maður þekki persón-

una. Eg þekki nákvæmlega brosin fyrir hæversklega kveðju; annað er segir: "Þér eruð mjög góður, herra, en eg vissi alt þetta áður," og hitt, sem þýðir kurteislegar móttáur, og Oliver Twist svipinn."

"Oliver Twist svipinn?"

"Sem biður um meira. Svo get eg gert hina léttu og líðugu hreyfingu, sem bezt á við hina furðulegu tísku, eða hin tígulegu skref, sem auka aðlaðandi fegurð. Og með tilliti til hinna mörgu lyfja, sem halda andlitinu og höndunum hvítum, hinar mismunandi stöður, sem menn verða að taka til að sýna beygingu hálsins, eða hve mjór maður er um mittið — álit eg sjálfa mig fyllilega hæfa til að framkvæma."

"Eg hafði engan grun um, að þú værir svo vel búin undir samkvæmislífið."

"Ó, eg býst ekki við að verða mikils metin," svaraði Effie og brosti glettnislega. "Þú ert svo vanur við mig, eins og þú veizt, að þú tekur ekki eftir yndisleik mínum."

"Þú skalt fá að fara hingað, sem hann er metinn í fullu gildi. Hlustaðu á uppástungu mína."

"Eg er að eins eyra."

"Við skulum vera hér til vorsins, og á meðan verður þú og frú Lawrence að búa til klæðnað, sem á við jafn yndislega meyllu. Í sumar skulum við vera hjá Newport, og næsta vetur tökum við hús á leigu í bænum. Frú Lawrence verður bústýra, og þú og eg skulum nota tímann til skemtana. Síðan, ef enginn stelar fuglinum mínum frá mér, skal hún koma heim, ferðast til Evrópu eða dvelja annað sumar á sama hátt, eftir því sem hún sjálf vill."

"Og nú, Charles frændi, láttu nú bækurnar hvíla sig, en við skulum ríða langa leið þenna sólþjarta vetrardag, til þess að hlýja og hressa okkur fyrir dagverðinn."

7. KAPITULI.

"Þú þekkir alla, George; segðu mér hver fallega stúlkan er, sem kom í gær?"

"Fallegar stúlkur koma á hverri stundu."

"Ó, en þessi er óvanalega fögur; eg mætti henni snemma í morgun hjá virkinu á hestbaki. Eg gat ekki sofði í nótt, eins og oft vill til, og var snemma á ferli til að fá mér morgungöngu, og þá sá eg hana og fódur hennar, að líkindum, koma upp veginn. Hún er lítil vexti en yndisleg eins og smámynda málverk, og situr snildarfallega á hesti. Hatturinn hennar skyggir á jarpa hárið, en lét mig sjá það fegursta andlit, sem eg hefi augum lítið. Þegar hún var komin fram hjá mér, byrjaði hún kappreið við fylgdarmann sinn, og hún stýrði hestinum ágætlega, reið, ef eg má nota talshátt kvenna, eins og vindur. Þau komu með sína eigin hesta — ágæta hesta líka."

"Hvar eru þau?"

"Í nr. 36,37 og 38 rétt neðan undir okkur."

"Ó, engir peningar eru sparaðir. Gamli maðurinn kom með sitt eigið pianó og ókuvagninn sinn, og það er auðséð að honum þykir ekkert of gott fyrir sína indælu litlu stúlku."

"Kona hans máske?"

"Alls ekki, nafn hennar er skrifað, ungrú Marshall."

Ungu mennirnir sem voru að tala saman, gengu fram og aftur í sólþyrri beita hótelsins í bænum Newport, reykjandi og spjallandi, og spjallandi, heilsuðu stundum kunnugum persónum, sem gengu fram hjá. Annar þeirra, sem hinn kallaði Georg, tók nú vindlinn út úr sér og horfði áhyggjufullur á félagu sinn.

"Ungrú Marshall! Getur það verið ungrú Lára?"

"Há og ljótleit, er það ekki? Já, en hver getur maðurinn verið?"

"Þessi stúlka er hvorki há né ljótleit, svo það er ekki ungrú Lára Marshall. Hún átti heldur ekki að koma fyr en í næsta mánuði, átti hún?"

"Ungrú Marshall," endurtók Georg hugsandi.

"Nei, en það er/leitt að þú þekkir hana ekki, eg hélt að þú vissir alt um hana, hvaða ástasigur hún vann síðasta vetur og því um líkt, og þú veizt jafnlítið og eg."

"En þú gleymir því, að það var að eins síðasti vetur, sem eg var í bænum."

"Og eg hefi verið í Mexíco í þrjú ár, og kom einmitt heim í sumar. Svo þú getur ekki sagt mér hver hún er?"

"Nei—þey! en sú rödd."

Það var nærri komið myrkur, einmitt hið dimma rökkrur, sem á svo vel við hljóðfærarsöng, og ungu mennirnir hölluðu sér að brjóst-riðinu og hlustuðu. Hljómurinn barst út um opinn glugga, sem snéri að sólþyrginu; en blæjurnar voru dregnar niður, svo ekki sást inn í herbergið. Ekkert ljós var inni, og nóturnar á pianoinu voru vitanlega snertar af fingrum, sem létu ímyndunaraflíð hjálpa minninu í vali hinna samræmdu söngtóna.

En röddin, hin auðuga hreina; efnismikla rödd, nú lækandi í mjúkri viðkvæmni, nú hækandi í dillandi tónum, stundum þjótandi yfir erfiðar setningar, eins og þær væri skyndistöku tilbreytingar í laginu, og síðan dveljandi við einföldu nóturnar með þeim hlýleik og alúð, sem gerði hverja eina af þeim að söng.